

# Reglugerð um greiðslupátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar.

## 1. gr.

### *Pátttaka ríkisins í kostnaði við hjálpartæki.*

Einstaklingar sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eiga rétt á greiðslupátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar sem hér segir:

1. Fyrir börn yngri en 18 ára eru heyrnartæki greidd að fullu.
2. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu  $\geq 30$  dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz eða við tíðnina 2,0, 4,0 og 6,0 kHz greiðast 50.000 kr. fyrir hvert heyrnartæki, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.
3. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu  $\geq 70$  dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz, er greitt 80% af verði heyrnartækis, þó ekki lægri fjárhæð en 50.000 kr. nema kaupverð tækis sé lægra.
4. Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og þurfa sérstök heyrnartæki sem krefjast skurðaðgerðar er greitt samkvæmt eftirfarandi:
  - a. Fyrir kuðungsígræðslutæki 90% af verði heyrnartækis.
  - b. Fyrir beinskrúfutæki og önnur sambærileg heyrnartæki 80% af verði heyrnartækis.
5. Fyrir hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal I, til þeirra sem um getur í 1., 3. og 4. tölul. fer um greiðslupátttöku samkvæmt þeim tölulíðum.
6. Fyrir hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal I, til þeirra sem hafa tónmeðalgildi á betra eyranu > 50 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0, og 4,0 kHz, fer um greiðslupátttöku eins og um getur í 3. tölul.

Einstaklingur getur mest notið greiðslupátttöku eða styrkja, sbr. reglugerð um veitingu styrkja vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð, vegna tveggja heyrnartækja, einu fyrir hvort eyra, skv. 1. tölul. 1. mgr. á hverju tveggja ára tímabili og skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. á hverju fjögurra ára tímabili. Einstaklingur skv. 1. tölul. 1. mgr. á til viðbótar við framangreint rétt á allt að tveimur pörum af hlustarstykki á ári. Einstaklingur skv. 3. tölul. 1. mgr. á rétt á pari af hlustunarstykki á tveggja ára fresti. Heimilt er að víkja frá þessu ef heyrn breytist umtalsvert að mati sérgreinalæknis í heyrnarfræði (háls-, nef- og eyrnalækningum) þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki. Sjúkratryggingar Íslands skulu miðla upplýsingum til Heyrnar- og talmeinstöðvar um styrki vegna heyrnartækja sem veittir eru á grundvelli reglugerðar um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

Heyrnar- og talmeinstöð er heimilt að útvega heyrnartæki fyrir þá einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði til að njóta greiðslupátttöku skv. 2., 3. eða 4. tölul. 1. mgr. eða 2. mgr. Gjald fyrir heyrnartæki sem útveguð eru án greiðslupátttöku ríkisins skal taka mið af kostnaði við útvegum þeirra. Tryggt skal að þessir einstaklingar njóti ekki forgangs við úthlutun heyrnartækja umfram þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði til að njóta greiðslupátttöku skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. og 2. mgr.

## 2. gr.

### *Útvegum Heyrnar- og talmeinstöðvar á hjálpartækjum öðrum en heyrnartækjum.*

Heyrnar- og talmeinstöð aðstoðar sjúkratryggða einstaklinga við að útvega nauðsynleg hjálpartæki önnur en heyrnartæki, sbr. fylgiskjal II. Í þeim tilvikum er tækið eign Heyrnar- og talmeinstöðvar og skal sjúkratryggður greiða hæfilegt leigugjald sem tekur mið af kostnaði við öflun tækisins og áætluðum endingartíma þess.

## 3. gr.

*Söfnun upplýsinga.*

Heyrnar- og talmeinastöð skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með heyrnar- og talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um landlækni og lýðheilsu, eftir því sem við á.

## 4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr., 3. mgr. 6. gr. og 8. gr. laga um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1118/2006, um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 8. október 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

*Sveinn Magnússon.*

## Fylgiskjöl.

[Hlekkur á reglugerð með fylgiskjölum á PDF formi.](#)

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.